


HRÚTAFJARÐARÁ OG SÍKÁ  
Hreisturrannsóknir 1992

Sigurður Már Einarsson

Borgarnesi, nóvember 1993 VMST-V/93015X




VEIÐIMÁLASTOFNUN  
Vesturlandsdeild

HRÚTAFJARÐARÁ OG SÍKÁ  
Hreisturrannsóknir 1992

Sigurður Már Einarsson

Borgarnesi, nóvember 1993 VMST-V/93015X



**VEIÐIMÁLASTOFNUN**  
Fiskrækt og fiskeldi • Rannsóknir og ráðgjöf

**INNGANGUR**

Hr verður gerð grein niðurstöðum á greiningu hreistursýna af stangveiddum laxi úr Hrútafjarðará og Síká sumarið 1992. Samfelld sýnataka er fyrir hendi frá vatnasvæðinu allt frá árinu 1977.

Tilgangur söfnunar og úrvinnslu á hreistursýnum er að safna upplýsingum um fiskstofn árinna varðandi aldurssamsetningu og árgangastyrkleika, auk þess sem hlutfall fisks sem er að skila sér úr fiskrækt eða sem flækist í ána úr fiskrækt, hafbeitt eða eldi annars staðar frá er metið hverju sinni.

**ADFERDIR**

Hreistursýnum er safnað af veiðimönnum hverju sinni í sérstök hreistursumslög. Eftir veiðitíma er hreistrið rannsakað undir víðsjá. Nokkur hreistur eru valin af hverjum fiski og afsteypu af þeim þrykkt á plaststrimla, sem síðan eru lesnir í hreisturslesingarvél.

Alls bárust sýni af 200 lögum, eða af 43,6 % laxveiðinnar 1992 (Guðni Guðbergsson og Friðþjófur Árnason 1993).

**NIÐURSTÖÐUR****Sjávaraldur**

Unnt reyndist að lesa 192 sýni af 200 eða 96% sýnanna (Tafla 1). Smálaxar (1 ár í sjó) reyndust vera 69,3% sýnanna. Laxar með tveggja ára sjávardvöl voru 29,7% sýnanna og einnig fundust 2 laxar með þriggja ára sjávardvöl eða 0,5% sýnanna.

Tveir laxa greindust sem gotið höfðu áður eða 0,5% sýnanna.

Sýnin voru jafnframt flokkuð eftir uppruna (Tafla 1). Lítil munur kom fram á skiptingu eftir sjávaraldri, þrátt fyrir mismunandi uppruna.

**Ferskvatnsaldur**

Aldur í ferskvatni spannaði 1 - 5 ár. Laxar af náttúrulegum uppruna reyndust 3 - 5 ára að aldri (Tafla 1). Flestir þeirra höfðu dvalið fjögur ár í fersku vatni fyrir sjógöngu, en meðalaldur í ferskvatni reyndist vera 3,8 ár.

Laxar af sleppiuppruna reyndust vera frá 1 - 4 ára að aldri fyrir sjávargöngu (Tafla 1). Meðalaldur í fersku vatni var 1,9 ár.

### Árgangar

Laxar af náttúrulegum uppruna voru af klakárgöngum 1985 - 1988. Árgangurinn frá 1987 var mest áberandi eða 54,7% sýnanna.

Laxar af einhvers konar sleppiuppruna voru frá árgöngum 1987 - 1990. Árgangar frá 1988 - 1990 höfðu jafna hlutdeild eða um 30% hver (Tafla 2).

### Sleppingar

Alls komu fram 33 sýni af 192, þar sem hreistursmynstur gaf til kynna að laxar voru af sleppiuppruna (Tafla 1). Þetta þýðir að sleppiuppruni hafði 17,2% hlutdeild af sýnunum. Þetta þýðir að 79 laxar hafi veiðst í stangveiði 1992 af sleppiuppruna.

Laxar með uppruna úr sleppingum sumaralinnna seiða reyndust vera 25 eða 13 % sýnanna, sem þýðir að 60 laxar hafi veiðst 1992 úr sleppingu sumaralinnna seiða.

Laxar af gönguseiðauppruna voru 8 eða 4,2 % sýnanna. Það þýðir að 19 laxar hafi veiðst 1992 og átt uppruna að rekja til sleppinga gönguseiða. Laxarnir voru allir smálaxar og var sleppt vorið 1991. Bæði getur verið um laxa sem eru að villast í ána úr hafbeiti eða úr fiskræktarsleppingum í önnur vatnakerfi eða hefur verið sleppt í Hrútafjarðará sem gönguseiði.

### UMRÆÐA

Alls mátti rekja rúmlega 17% af veiðinni í Hrútafjarðará 1992 til sleppiuppruna og þar sýndu niðurstöður að 13% veiðinnar var frá sleppingum sumarlinna seiða í vatnakerfi. Mjög góð gögn eru til úr Hrútafjarðará, allt frá árinu 1977 og er brýn þörf á að taka þessar upplýsingar saman, hvað varðar árangur af sleppingum sumaralinnna seiða í vatnakerfið.

TAFLA 1

Aldurssamsetning og kynjahlutfall laxa samkvæmt  
lestri hreistursýna úr Hrútafjarðará og Síká.  
Sýnum var safnað úr stangveiði 1992.

A: Heild fyrir ána.

Ár í Ferskv.	1 ár í sjó			2 ár í sjó			3 ár í sjó			Fj. Alls	%Fjöldi
	Hæ	Hr	Ós	Hæ	Hr	Ós	Hæ	Hr	Ós		
1	7	3	0	0	0	1	0	0	0	11	5,7
2	4	4	1	0	5	0	0	0	0	14	7,3
3	23	11	1	7	10	2	0	1	0	55	28,7
4	35	31	5	2	23	1	0	1	0	98	51,0
5	5	3	0	1	4	1	0	0	0	14	7,3
Fjöldi	74	52	7	10	42	5	0	2	0	192	
% Fj.		69,3			29,7			0,52			100,0

B: Laxar af náttúrulegum uppruna.

Ár í Ferskv.	1 ár í sjó			2 ár í sjó			3 ár í sjó			Fj. Alls	%Fjöldi
	Hæ	Hr	Ós	Hæ	Hr	Ós	Hæ	Hr	Ós		
1	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0,0
2	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0,0
3	19	11	0	7	8	2	0	1	0	48	30,2
4	34	31	5	2	23	1	0	1	0	97	61,0
5	5	3	0	1	4	1	0	0	0	14	8,8
Fjöldi	58	45	5	10	35	4	0	2	0	159	
% Fj.		67,9			30,8			1,3			100,0

C. Laxar af sleppiuppruna.

Ár í Ferskv.	1 ár í sjó			2 ár í sjó			3 ár í sjó			Fj. Alls	%Fjöldi
	Hæ	Hr	Ós	Hæ	Hr	Ós	Hæ	Hr	Ós		
1	7	3	0	0	0	1	0	0	0	11	33,3
2	4	4	1	0	5	0	0	0	0	14	42,4
3	4	0	1	0	2	0	0	0	0	7	21,2
4	1	0	0	0	0	0	0	0	0	1	3,1
5	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	
Fjöldi	16	7	2	0	7	1	0	0	0	33	
		75,8			24,2			0,0			100,0

TAFLA 2

Skipting laxa eftir klakárgangi samkvæmt greiningu  
hrestursýna úr stangveiði í Hrútafjarðará og  
Síká 1992.

<u>Árgangur</u>	<u>Náttúrul. uppruni</u>		<u>Sleppiuppruni</u>	
	<u>Fjöldi</u>	<u>% Fjöldi</u>	<u>Fjöldi</u>	<u>% Fjöldi</u>
1985	7	4,4		
1986	35	22,0		
1987	87	54,7	3	9,1
1988	30	18,9	10	30,3
1989			10	30,3
1990			10	30,3
Samtals	159	100,0	33	100,0